



EFTIRLITSSKÝRSLA

SPILLIEFNAMÓTTAKA HRINGRÁSAR Á REYÐARFIRÐI

Dagsetning	6.6.2012	Starfsleyfi, gildir til	1. september 2020.
Fyrirtæki	Hringrás hf. á Reyðarfirði	Tegund eftirlits	reglubundið
Heimilisfang	Hjallaleira 12, 730 Reyðarfjörður	Fulltrúar fyrirtækis	Jón Marínó Sigurðsson
Kennitala	420589-1319	Staðsetning starfstöðvar (hnit):	65° 1,792'N, 14° 14,281'W (ISN93: 724.166, 511.776)
Isat nr.			
Starfsemi	Spilliefnamóttaka		
Fulltrúi HAUST	Helga Hreinsdóttir		

Umhverfisstofnun vinnur starfsleyfi fyrir starfsemina og fer með beitingu þvingunarúrræða en hefur falið HAUST að viðhafa eftirlit með starfseminni með sérstökum samningi þar um.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik frá starfsleyfi voru staðfest í eftirlitsferðinni og ein athugasemd gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit fór þannig fram að gengið var um skemmu fyrirtækisins og flokkar spilliefna í geymslu skoðaðir.

Í skrifstofuaðstöðu var flett möppum með kvittunum fyrir móttöku spilliefna og ýmsum gögnum sem starfsmenn halda saman. Farið var yfir starfsleyfi starfstöðvarinnar.

Ath. að reglubundið eftirlit með spilliefnamóttökunni fer fram annað hvert ár, því var ekki farið í eftirlitsferð með spilliefnamóttökunni árið 2011.

FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1:

Í umhverfisskýrslu Hringrásar fyrir Austurland og árið 2010 segir: „Á Reyðarfirði tók Hringrás á móti 69,27 tonnum af spilliefnum af austurlandi á árinu og flokkast þau niður á eftirfarandi hátt“.

Skýrsla fyrir árið 2011 hefur ekki borist HAUST þrátt fyrir fyrirspurn þar um, þannig að ekki er kunnugt um magn spilliefna sem bárust inn á starfsstöðina á Reyðarfirði árið 2011.

Frávík frá: Í starfsleyfi, grein 1.2. Umfang starfsemi, segir m.a.: „Heimilt er að taka á móti allt að 60 tonnum af hvers konar spilliefnum á ári, þar með talið:

Sóttmengaðan úrgang
Rafeindatæki/heimilistæki/ísskápar.
Úr sér gengin ökutæki.

Frávík 2:

Skráningum og skýrsluskilum í starfsstöðinni er ábótavant. Gögn sem ber að skrá voru ekki aðgengileg eftirlitsaðila og skýrslu hefur ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar eftir því sem undirrituð kemst næst.

Frávík frá: Í starfleyfi, grein 3.1. um skráningar segir m.a. „Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila., og „Rekstraraðili skal taka saman framangreindar upplýsingar og senda ársyfirlit til Umhverfisstofnunar fyrir 1. mars ár hvert sbr. gr. 2.1. „

Frávík 3:

Engar mælingar á efnainnihaldi fráveituvatns hafa verið gerðar. Safnþró hefur verið þurr og því vart ástæða til að taka sýni þar, en úr olúskiju sem tekur við fráveituvatni frá spilliefnageymslu ætti að vera hægt að taka sýni.

Frávík frá: Grein 3.2 um eftirlitsmælingar, þar sem m.a. segir: „Taka skal dæmigerð sýni af frárennslisvatni, sbr. grein 2.5, og mæla a.m.k. árlega með tilliti til allra þeirra þátta sem tilteknir eru í grein 2.6.“

Frávík 4:

Viðbragðsáætlanir, neyðaráætlun og eintak af starfsleyfi voru ekki fyrirbyggjandi í starfsstöðinni. Krafa er um að þessi gögn séu ætíð fyrirbyggjandi á prentformi og aðgengileg starfsmönnum og eftirlitsaðilum.

Frávík frá: Grein 3.4. um viðbragðsáætlun, 3,5 um neyðaráætlun og frá gr. 4.6 um eftirlit og fleira.

Athugasemd 1:

Skv. skráningu í aðstöðuhúsi Hringrásar var síðast litið í safnþró frá spilliefnamóttöku þann 15.1.2012 og þá var hún tóm. Í gr. 2.7 í starfsleyfi segir: „Söfnunarþró skal tæmd eftir þörfum en ætíð skal vera laust a.m.k. 1 m³ rými í þeirri þró sem þjónar jafnframt sem öryggisþró fyrir tanka undir olúúrgang og lífræn leysiefni. Skrá skal vökvamagn í viðkomandi söfnunarþró fyrir tæmingu.“ Það er mat eftirlitsaðila að huga þurfi að innihaldi í söfnunarþró og olúskiljum á 3ja mánaða fresti og skrá niðurstöður í dagbók.

Önnur atriði:

Í grein 1.8. í starfsleyfi fyrirtækisins er fjallað um endurskoðun starfsleyfis. Þar segir m.a. „Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999.“ Og „Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar.“ Starfsleyfið var gefi út 9.9.2008, því ætti að endurskoða starfsleyfið í ár þ.e. árið 2012. Ástæða þykir til að vekja sérstaka athygli á þessu m.t.t. fráviks 1 um að meira magn berist inn í starfsstöðina en heimilað er í leyfinu og einnig m.t.t. breytts verklags í starfsstöðinni, þ.e. að ekki er um að ræða meðhöndlun spilliefna heldur aðeins móttöku, flokkun og þökkun til brottflutnings. Einnig er rétt að minna á bréf frá Umhverfisstofnun til fyrirtækisins, dags. 16.2.2009 í tengslum við grein 2.8 í starfsleyfinu um samning við

Landhelgisgæsluna í stað öryggisherbergis. Í bréfinu var fyrirtækið hvatt til að sækja um breytingu á starfsleyfi í samræmi við heimild þar um. Fyrirtækið er því hvatt til að íhuga hvort það telji ástæðu til að óska eftir breytingu á starfsleyfinu eða endurskoðun þess.

Í grein 2.5. í starfsleyfinu er fjallað um fráveitumál. Í eftirlitsferðinni kom fram að starfsmönnum var ekki kunnugt um lagnaleiðir og hvaða niðurföll voru tengd lokaðri safnþró eða olíuskilju. Mikilvægt er að efni séu meðhöndluð og geymd á viðeigandi stöðum miðað við niðurföll og eftir eðli efnanna. Vegna þessa fylgir skýrslu þessari lagnateikning sem HAUST hefur áskotnast og er farið fram á að hún verði geymd í starfsstöðinni á aðgengilegum stað fyrir starfsmenn.

Í grein 3.3 í starfsleyfinu er fjallað um að samráðsfund skuli halda um málefni starfsstöðvarinnar. Fyrirtækið þarf að beina því til Umhverfisstofnunar hvort samþykkt sé að halda einn sameiginlegan samráðsfund um allar starfsstöðvar fyrirtækisins eða hvort funda þurfi sérstaklega um hverja starfsstöð.

Í grein 4.4 í starfsleyfi er fjallað um tryggingar. Eftirlitsaðila er ekki kunnugt um að tryggingar í samræmi við þessa grein liggi fyrir.

21.7.2012

Helga Hreinsdóttir, heilbrigðisfulltrúi

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.